



Stjórnarfundur í Þytu, haldinn 11. mars 2019.

Mættir: Gunnar Geir, Gunnar Freyr, Árni Geir, Magdalena, Friðrik Hafberg og Árni Þór.

1. Gunnar Geir lagði fram tillögu þess efnis að klúbburinn kæmi sér upp eldsneytisgeymslu utan klúbbhússins og áætlun um kostnað. Tillagan var samþykkt.
2. Gunnar Geir bar upp tillögu um merkingu báta klúbbsins með merki klúbbsins. Tillagan var samþykkt.
3. Gunnar Geir upplýsti fundinn um að nýr formaður, Aðalsteinn Jens Loftsson hefði verið kjörinn formaður SÍL. Í stjórn hefðu verið kjörnir tveir frá Þytu, þeir Gunnar Geir Halldórsson og Ragnar Hilmarsson.
4. Myndavélamál rædd í ljósi þess að athugasemd hefði komið fram á aðalfundi félagsins. Ákveðið að athuga hvort hluti af myndavélakosti klúbbsins mætti nýtast til að fylgjast með kajakgámi.
5. Rædd hugsanleg tölvukaup. Árni Geir mun kanna hvort hægt er að útvega tölvu á skaplegu verði.
6. Bjartir dagar. Ræddur var möguleiki á að vera með opið hús á Björtum dögum.
7. Gunnar Geir greindi frá að nýr formaður SÍL hefði komið í heimsókn til að kynna sér starf klúbbsins.
8. Gunnar Freyr gaf skýrslu um undirtektir við að vinna við sumarnámskeið klúbbsins í sumar. Vel hafði verið tekið í erindi hans við starfsmenn frá fyrra ári.
9. Gunnar Geir bar upp tillögu um að hannað yrði og sett upp hlið á girðingu gegnt flotbryggju. Samþykkt var að fara í verðkönnun.
10. Kynning á klúbbstarfinu í grunnskólum. Árni Geir og Árni Þór munu vinna að verkefninu.
11. Fjölskyldugjald. Árni Geir hefur þróað aðferð sem gerir það vinnanlegt að nota fjölskyldunúmer við framkvæmd samþykktar um fjölskyldugjald frá síðasta aðalfundi.
12. Skil á iðkendatölum. Lista þarf að koma inn fyrir 15. apríl. Friðrik bauðst til að keyra listann inn þegar hann hefði fengið hann í hendur.
13. ÍBH þing 11. maí. Gunnar Geir minnti á að skipa þarf fulltrúa Þyts á þingið.
14. Kaup á bátum rædd. Skoða þarf hvernig best er að brúa bil í bátæign klúbbsins þannig að þeim sem hafa siglingareynslu en eru án skipstjórnarréttinda gefist tækifæri til að sigla einhverju stærra en Lacer.
15. Framlög bæjarins til bátakaupa og hjálmavæðingar. Gunnar Geir og Ragnar eru að ræða við bæjar- og hafnaryfirvöld um þátttöku í kostnaði.
16. Ársgjald kajak geymslu. Ákveðið var að ársgjald í geymslu á kajak í gámi verði 15,000 kr á ári.
17. Ekki fleira gert og fundi slitið.
Fundinn ritaði Árni Hilmarsson

Gunnar Geir Halldórsson formaður

Siglingaklúbburinn Þytur stofnaður 19. apríl 1975